

## Notkunarskilmálar Orka Card™ forritsins

### 1. Gildissvið og aðilar

Orka Card™ er fartækjaforrit (hér eftir nefnt „forrit“), þessir notkunarskilmálar (hér eftir nefndir „skilmálar“) innihalda samninginn á milli þín og okkar sem gildir um notkun þína á forritinu. Með því að hlaða niður, virkja og nota forritið staðfestir þú að hafa lesið, skilið og samþykkt þessa skilmála. Þar að auki gilda skilmálar og skilyrði Skatra Visa® Debit um notkun forritsins.

Forritið er látið í té og rekið af Skatra ApS, CVR 40597166, með skráð aðsetur að Amaliegade 6, 1256 København K, Danmörku, samstarfi við eftirfarandi aðila:

- NÚNÚ lán ehf., skráningarnr. fyrirtækis 7010190240, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, Íslandi,
- Brea ApS, skráningarnr. fyrirtækis 39484099, Amaliegade 6, 1256 København K, Danmörku
- Swiss Funds a.s., skráningarnr. fyrirtækis 05421721, Školská 689/20, 110 00 Praha 1, Tékklandi,  
(hér eftir nefndir „Orka Group“).

### 2. Þjónusta okkar

Tilgangur forritsins er að bjóða og kynna fjármálapjónustu fyrirtækja innan Orku-samstæðunnar eða tengdra aðila/samstarfsaðila. Þú verður að samþykkja skilmálana eða undirrita samning beint við viðeigandi þjónustuaðila til að nota áðurnefnda þjónustu og viðeigandi fylgiskjöl gilda um samband þitt við viðeigandi þjónustuaðila.

Forritið veitir aðgang að fjármálapjónustu sem felur í sér en takmarkast ekki við:

- Stjórnun debetkorta,
- Almenna stjórnun bankagagna,
- Lánumsumsóknir og lánastjórnun,
- Tryggingamiðlun.

Forritið lætur í té slíka þjónustu samkvæmt gildandi fjármálareglugerðum. Þjónustan er veitt innan viðeigandi leyfisramma af Orka Group og samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR) og persónuverndarstefnu sem má nálgast hér: [https://orkacard.com/dist/pdf/is/Personuverndarstefna\\_Skatra.pdf](https://orkacard.com/dist/pdf/is/Personuverndarstefna_Skatra.pdf)

### 3. Notkunarskilmálar forritsins

Þú verður að láta í té og staðfesta samskiptaupplýsingar við nýskráningu, setja upp aðgangskóða forritsins, láta í té persónuupplýsingar og ljúka ferli sannvottunar á auðkenni viðskiptavinar. Tvíþætt auðkenning er áskilin við innskráningu í nýtt tæki þar sem þú notar netfangið og símanúmerið sem þú lést í té við upphaflega skráningu.

Aðeins er hægt að sækja forritið í opinberum forritaverslunum og setja forritið upp í Apple eða Android farsínum. Netaðgangur verður að vera fyrir hendi til að forritið starfi á réttan hátt.

Skilmálarnir gilda einnig um notkun forritsins. Þú verður þar af leiðandi að nota forritið á öruggan hátt. Þér og Orka Group er heimilt að setja notanda forritsins á bannlista samkvæmt skilmálunum.

Notkun forritsins í fartækinu þínu er hluti af öryggi Orka Card™ og þar af leiðandi skaltu gæta þess að aðrir fái ekki aðgang að forritinu í fartækinu þínu. Læsa skal símanum þar sem forritið er sett upp með

aðgangskóða eða lífkenni. Hafðu umsvifalaust samband við [hallo@orkacard.com](mailto:hallo@orkacard.com) ef þú týnir fartækinu þar sem forritið er uppsett.

Aðgangskóði forritsins er til einkanota og má ekki láta öðrum í té. Þú getur notað lífkenni í stað aðgangskóða ef fartækið styður lífkenni eins og fingraför eða andlitskenni. Hægt er að virkja lífkenni um leið og þú setur upp forritið eða í „Öryggisstillingum“ forritsins.

Lokaðu reikningnum þínum í forritinu og gættu þess að eyða forritinu úr tækinu ef þú hyggst hætta notkun þess og þjónustunnar sem það veitir.

## 4. Rafræn rakning

Þegar þú notar forritið safnar Orka Group saman eftirfarandi upplýsingum sem þú skilur eftir sem rafræn spor:

- gerð fartækisins,
- útgáfu stýrikerfis fartækisins,
- útgáfu forritsins,
- tungumáli tækisins og
- IP-tölu.

Auðkennisupplýsingar tækisins eru t.d. notaðar til að finna tæki ef þörf er á að loka forritinu sem var hlaðið niður í umrætt tæki. Þar fyrir utan er aðeins hægt að nota forritið í tækjum með órofnu öryggi (þ.e. ekki í tækjum þar sem öryggisvarnir hafa verið gerðar óvirkar eða í rótuðum tækjum).

Rafræn rakning er ekki notuð til að safna saman persónuupplýsingum þínum.

Orka Group safnar tölfræðilegum upplýsingum til eigin nota í því skyni að auðvelda notkun og uppsetningu forritsins, kanna virkni forritsins og hvaða eiginleika þarf að betrumbæta. Slíkar upplýsingar ásamt rafrænu rakningunni eru einnig gerðar forriturum tiltækar á ónafngreinanlegu sniði.

## 5. Afnitaréttur

Þú færð almennt, óyfirfærðanlegt leyfi til að nota forritið í eigin fartæki (snjallsíma eða spjaldtölву) innan gildissviðs samningsins. Þú færð engan annan rétt en afnotarétt af forritinu. Orka Group kann hvenær sem er að afturkalla eða gera breytingar á afnotarétti þínum af forritinu ef þú brýtur gegn notendaskilmálum þessum eða skilmálunum.

## 6. Engin ábyrgð

Þetta forrit er látið í té „eins og það kemur fyrir“ án nokkurra umboða og ábyrgða, beinna eða óbeinna. Orka Group gengst hvorki við umboðum né ábyrgðum af neinum toga í tengslum við þetta forrit né upplýsingar og efni sem forritið lætur í té.

Fyrirvari er gerður um almenna merkingu efnisgreinarinnar hér á undan og er engin ábyrgð veitt á eftirfarandi atriðum:

- að forritið verði ávallt tiltækt, eða tiltækt yfirhöfuð, eða
- að upplýsingar sem koma fram í forritinu séu tæmandi eða nákvæmar.

## 7. Takmörkun ábyrgðar

Orka Group ber enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða á fartækinu þínu, gagnatapi, hagnaðarmissi eða öðru tjóni sem forritið kann að valda. Orka Group veitir enga tryggingu fyrir því að forritið verði

ávallt tiltækt og ber ekki ábyrgð í tilvikum þegar forritið er ekki tiltækt í tiltekinn tíma eða hefur einungis takmarkaða virkni í tiltekinn tíma af einhverjum sökum.

## 8. Lög og lögsaga

Þessir notkunarskilmálar falla undir og eru túlkaðir samkvæmt dönskum lögum og allur ágreiningur sem kann að rísa varðandi þessa notkunarskilmála falla eingöngu undir lögsögu dómstóla í Danmörku.

## 9. Frekari upplýsingar og tengiliðir

Þú getur lesið skilmálana á [https://orkacard.com/dist/pdf/is/Notkunarskilmalar\\_Orka\\_Card\\_Forritsins.pdf](https://orkacard.com/dist/pdf/is/Notkunarskilmalar_Orka_Card_Forritsins.pdf) og þar er einnig hægt að hlaða niður eða prenta út skilmálana.